

Föstudaginn 31. júlí 1992.

Nr. 320/1992. **Ákærvaldið**

gegn

Hilmari Ögmundssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 21. júlí sl., sem barst Hæstarétti 27. s. m. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður héraðsdóms Reykjaness 21. júlí 1992.

Ár 1992, þriðjudaginn 21. júlí, er í héraðsdómi Reykjaness kveðinn upp úrskurður þessi.

Fyrir héraðsdómi Reykjaness er rekið opinbert mál á hendur Hilmari Ögmundssyni, Stekkjarkinn 7, Hafnarfirði, kt. 300569-4049, fyrir ætlaða tilraun til manndráps, og hefur hann verið ákærður fyrir brot gegn 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga. Mál þetta var þingfest 17. júlí sl., og verður aðalmeðferð þess í byrjun september nk.

Samkvæmt ákærinni er Hilmar ákærður „fyrir tilraun til manndráps með því að hafa aðfaranótt föstudagsins 3. apríl 1992 stungið Gunnar Óskarsson, kt. 250567-4059, með hnífi í hægri brjóst á heimili Gunnars að Smyrlahrauni 62 í Hafnarfirði, og gekk hnífurinn 16-18 sm inn í brjóstholið og í slagæð innanvert við bringubein. Voru blæðingar í brjóstholi Gunnars stöðvaðar samdægurs með skurðaðgerð á Borgarspítalanum“.

Við þingfestingu málsins og ákærubirtingu gerði ákærði ekki athuga-

semdir við ákærana að öðru leyti en því, að hann mótmælti heimfærslu brots undir 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði hefur sætt gæsluvarðhaldi, frá því að hann var handtekinn, eftir að hann framdi brotið. Hann játaði strax að hafa veitt nefndum Gunnari stungusár það, sem í ákæru er lýst. Hann gat ekki nefnt ástæðu, en taldi langvarandi neyslu sína á hormóna- og sterályfjum hafa haft áhrif á skapgerð sína, einkum í tengslum við áfengisneyslu.

Ákærði er sakaður um mjög alvarlegt brot, sem varða kann við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga, þar sem hámarksrefsing er meiri en 10 ára fangelsi.

Með tilliti til almannahagsmuna verður að telja skv. 2. mgr. 103. gr. laga nr. 91/1991 nauðsynlegt, að hann sæti áfram gæsluvarðhaldi, en síðasta gæsluvarðhald hans rennur út 22. þ. m. kl. 16.00. Ber því að taka kröfu ríkissaksóknara til greina, að hann sæti áfram gæsluvarðhaldi, uns dómur gengur í máli hans í héraði, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 30. september 1992 kl. 16.00.

Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hilmar Ögmundsson skal sæta gæsluvarðhaldi áfram, er fyrra gæsluvarðhald rennur út 22. júlí 1992 kl. 16.00, uns dómur gengur í máli ákæruvaldsins á hendur honum í héraði, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 30. september 1992 kl. 16.00.
